

Faghópur sjái um sjálfræðissviptingu

Breyting á lögum um nauðungarvistun og sviptingu sjálfræðis mikið geðsjúkra er nauðsynleg, að mati Geðhjálp. Samtökin hafa lengi barist fyrir því að slíkar aðgerðir verði í höndum þverfaglegs hóps á geðsviði.

HEILBRIGÐISMÁL „Við viljum að faghópur á geðsviði sjái um framkvæmd sjálfræðissviptingar geðsjúks fólks sem er hættulegt umhverfi sínu,“ segir Sveinn Magnússon, framkvæmdastjóri Geðhjálp. Hann bætir við að það sé ekki leggjandi á aðstandendur geðsjúkra að standa í því að þeir séu sviptir sjálfræði.

Í Fréttablaðinu í gær var greint frá mikið veikum manni á miðjum aldri sem ítrekað hefur reynst stórhættulegur þeim sem eru í umhverfi hans, svo og sjálfum sér. Hann hefur stórslasað fólk og rústað öllu í kringum sig og aðstandendur hans hafa leyst upp heimili sín til að hefta aðgang hans að sér.

Maðurinn hefur verið inni og úti af geðdeildum, enda er engin aðstaða til að hafa hann þar. Það eru því engin úrræði fyrir hann þótt hann sé svo hættulegur sem

raun ber vitni og heilbrigðis- og félagsmálayfirvöldum sé fullkunnugt um það. Hann er einn af 20 geðsjúkum einstaklingum sem velkjast um í kerfinu án úrræða.

Sveinn segir að Geðhjálp hafi ítrekað hvatt til breytinga á lögum um nauðungarvistun og sjálfræðissviptingu.

„Þetta er tvíþætt,“ segir Sveinn. „Ef hlutirnir væru í betra horfi varðandi eftirlit með fólki væri nauðungarvistun fátítt úrræði. Síðan er það hin hliðin, að gera þessa kröfu til aðstandenda. Þeir standa jafnvel frammi fyrir því að vera í hættu með líf sitt þegar einstaklingurinn er svona á sig kominn. Það þýðir ennþá lengri bið eftir úrlausn. Og hvað þarf til? Einhverjar upptökum sem ég vil ekki einu sinni hugsa til, hvað þá segja upphátt.“

Sveinn vill sjá sviptingarmálum þannig fyrir komið, að sett verði á



KLEPPSPÍTALI

Tuttugu geðsjúkir einstaklingar hafa verið inni og úti af geðdeildum vegna þess að þeir eru svo veikir að þeir þurfa önnur úrræði.

laggirnar þverfaglegt ráð sem aðstandendur geti leitað til. Þar verði einstaklingar greindir og skilgreint hvað þurfi að gera fyrir þá.

„Ef nauðungarvistun þarf að eiga sér stað, þá er það ákvörðun ráðsins en ekki aðstandenda,“ segir Sveinn. „Ráðið gæti jafnvel

þurft að taka slíka ákvörðun í blóra við aðstandendur vegna neitunar eða einhvers annars, en aðstandendur séu að sjálfsögðu upplýstir um þá aðgerð. Markmiðið er ekki að taka fólk í umferð heldur að vinna að því að koma því til bærilegra lífs.“ ■